

Nd.

392. Nefndarálit

[124. mál]

um frv. til laga um váttryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Nd. hefur athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirtöldum breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja þeim. Ingvar Gíslason og Bjarni Guðnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Við 6. gr.
 - a. Við 2. málsg. bætist: Þó skal hlutafé líftryggingarhlutafélaga vera minnst kr. 10 000 000.00.
 - b. 3. málsg. orðist svo:

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna váttryggingartaka og hina tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.
2. Við 10. gr.
 - a. 2. málsg. orðist svo:

Stofnendur gagnkvæms váttryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst kr. 5 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.
 - b. 4. málsg. orðist svo:

Stjórn gagnkvæms váttryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttáð skuli aðild váttryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.
3. Við 11. gr. 1. málsg. orðist svo:

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð váttryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers váttryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500.00. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldtekjum félagsins.
4. Við 17. gr. 3. málsg. falli niður.
5. Við 39. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum váttryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin.
6. Við 43. gr. Upphaf 1. málsg. orðist svo:

Sinni váttryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlitsins um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft o. s. frv.
7. Við 59. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, nema ákvæði 17. og 18. gr., sem taka gildi 1. janúar 1974.

Alþingi, 21. marz 1973.

Jón Skaftason,
form., frsm.

Jónas Árnason.

Stefán Gunnlaugsson.

Sverrir Hermannsson.

Birgir Kjaran.